

**Fundargerð 110. fundar Fræðslusjóðs**  
**Þriðjudaginn 28. september 2021 kl. 14:00-15:00.**  
**Haldinn í fjarfundi og Skipholti 50b.**

**Mætt:** Hulda Anna Arnljótsdóttir varaformaður, Eyrún Björk Valdóttir, Finnbogi Sveinbjörnsson, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Karl Rúnar Þórsson, Magnús Ingvarsson, Margrét Sigurðardóttir.

**Frá FA:** Sigríður Guðmundsdóttir, Björn Garðarsson.

**Gestur:** Haukur Harðarson, sérfræðingur hjá FA

## DAGSKRÁ

Formaður hafði boðað fjarveru á fundinum og varaformaður að hún kæmi ekki fyrr en 14:15. Fyrir lá samþykki formanns og varaformanns að hefja fund kl. 14 og taka fyrir liði 3 og 4. Varaformaður mætti 14:15 og tók við stjórn fundarins.

1. **Fundargerð síðasta fundar** (Fskj. 01. Fundargerð 108. fundar).  
**Afgreiðsla:** Fundargerð síðasta fundar samþykkt. Fundargerðin verður send stjórnarmönnum til rafrænnar undirritunar.
2. **Endurskoðun skilmála - framvinda vinnu kynnt.**  
Á síðasta fundi var formanni, varaformanni auk framkvæmdastjóra og fjármálastjóra FA var falið að hefja vinnu að breytingum á Skilmálum og reglum sjóðsins. Endurskoðaðir skilmálar voru sendir til mnrn árið 2016 en fengust ekki samþykktir. Ákveðið var að nota þann grunn til að byggja ofan en niðurstaðan varð fljótt að til að endurskoðun væri markviss þyrfti að gera þetta heildstætt með lögum. Umræða hóps sem fékk verkefni snerist um það hvernig hægt væri að ná fram breytingum sem nauðsynlegar eru án þess að fara í tímafreka endurskoðun. Niðurstaðan var að uppbot á námsleiðum væri áriðandi og ákveðið að reyna að komast fram fyrir þann hluta í skilmálum með að fá styttri búta samþykkt hjá Menntamálastofnun. Kannað hefur verið hjá Menntamálastofnun hvort þetta er hægt, þ.e. að brjóta upp vottaðar námsleiðir og bjóða í smærri einingum og eru ekki gerðar athugasemdir við það, svo lengi sem það byggi námsþáttum sem eiga uppruna sinn í vottuðum námskrám og lengd námspakka sé að minnsta kosti 40 klukkustundir. Framlag fræðslusjóðs miðast áfram við tíma með leiðbeinanda.
3. **Umsóknir um fjármagn VMST.**  
Sjá fylgiskjal með fundargögnum.
4. **Erindi frá samstarfsaðilum:**
  - a. **Framvegis – Ósk um flutning milli flokka** (Fskj. 04.1 Framvegis).
  - b. **MSS – Ósk um flutning milli flokka** (Fskj. 04.2 MSS).
  - c. **SÍMEY – Ósk um flutning milli flokka** (Fskj. 04.3 SÍMEY).

- d. **Þekkingarnet Þingeyinga – Ósk um flutning milli flokka** (Fskj. 04 .4 Þekk.Þing).
- e. **Farskólinn Norðurlandi vestra – Ósk um flutning milli flokka** (Fskj. 04.05 Farskólinn)

Fram kom hjá Birni að fræðsluaðilar hafa, það sem af er þessu ári, óskað eftir að flytja samtals tæpar 14 milljónir frá raunfærnimat og 4 milljónir frá ráðgjöf í námsleiðir. Í þessari tölu eru meðtalin þau erindi eru til afgreiðslu á þessum fundi.

Fram kom spurning hvort reglan að mega færa allt að 50% af úthlutun ársins væri of rúm? Þessi heimild var fyrst veitt árið 2020 til að auðvelda fræðsluaðilum að bregðast við breyttri stöðu í kjölfar Covid og aukins atvinnuleysis. Heimildin var framlengd út árið 2021 og fellur þá niður.

**Afgreiðsla:** Erindi samstarfsaðila voru samþykkt án athugasemda.

Ræða þarf innan stjórnar hvort heimild fræðsluaðila til að flytja milli flokka verði framlengd næsta ár og hvort ástæða sé að gera breytingu á reglum sem um það gilda.

## 5. Önnur mál

- a. **Þróun raunfærnimats, samspil við reglugerð og greiðslumódel. Haukur Harðarson frá FA kynnir.**

Minnisblað er varðar þennan lið verður sent stjórnarmönnum að fundi loknum. Áfram verður fjallað um þetta efni á næsta fundi.